

Fulltrúaráðsfundur 28. febrúar 2012

1. Kynning á verkefninu "Vinafjölskyldur"

Þrjár mæður; Margrét Gylfadóttir, Sesselja Ólafsdóttir og María Helen Sarabia, úr Vesturbæjarskóla í Reykjavík kynntu þetta verkefni sitt. Þær komu þessu verkefni af stað og halda utan um það í skólanum. Hafa einnig verið með kynningar á því í öðrum skólum og stuðning við að koma því á t.d. í Austurbæjarskóla í Reykjavík.

Sesselja byrjaði á að kynna hugmyndafræðina á bak við verkefnið.

Vinafjölskyldur eru tengsl á milli tveggja eða fleiri fjölskyldna, þar sem íslensk fjölskylda og erlend /íslensk-blönduð fjölskylda hafa samskipti sín á milli og stuðla að öfluggu samskiptaneti innan skólasamfélagsins.

Markmiðið er að auðvelda börnum og fjölskyldum þeirra að vera sjálfbjarga og þannig auka möguleika þeirra á að vera virkir þátttakendur í skólasamfélaginu.

Margrét talaði um framkvæmdaferlið bæði í Vesturbæjarskóla og Austurbæjarskólanum þar sem búið er að taka upp þetta verkefni.

Fjölskyldur barna í sama bekk mynda tengsl í samvinnu við kennara. Áhersla er lögð á gott og virkt upplýsingaflæði milli skóla, kennara, foreldra og barna, er varðar námið og félags- og menningarlega atburði í tengslum við skólasamfélagið.

Þetta á að opna boðleiðir þannig að íslenskar fjölskyldur upplýsi þær erlendu um bekkjarkvöld og aðrar skemmtanir skólans og hvernig slíkir viðburðir fari fram. Upplýsi t.d. um bekkjarafmæli og hvað afmælisgjöf má kosta, um vinahópa o.fl. Íslenska fjölskyldan getur komið við hjá þeirri erlendu og þær fylgst að í skólann á bekkjarkvöld eða tekið barnið með í afmæli.

Einnig felst þetta í að kynna börnunum og fjölskyldum þeirra fyrir íþrótt- og tómstundastörfum í nágrenninu o.fl.

Tengsl eru mismikil og undir hverri og einni fjölskyldu komið. Sumar bjóða börnunum heim stöku sinnum og hjálpa þeim með heimalestur, hjá öðrum snýst þetta bara um að koma upplýsingum á framfæri.

Lögð er áhersla á að vinafjölskyldan snúist um að báðar fjölskyldur gefi og þiggi hvor af annarri.

Nánari upplýsingar má finna á [heimasíðu Vesturbæjarskóla](#)

Nokkrar umræður urðu á eftir kynningunni og þær svöruðu spurningum. Áhugi var meðal fundarmanna að koma þessu verkefni á í Álfhólsskóla. Þær lögðu áherslu á að þetta verkefni yrði á vegum foreldrafélags. Þær eru tilbúnar til að veita stuðning við að koma þessu verkefni á.

2. Kynning á foreldrasamningnum

Fulltrúum var skipti í tvo hópa, bekkjarfulltrúar í 1.-5. bekk í öðrum og 6.-10. bekk í hinum.

Guðni bekkjarfulltrúi í 2.IJ kynnti foreldrasamninginn á yngra stigi og Erla og Rannveig bekkjarfulltrúar í 10.BÁS á eldra stigi.

3. Önnur mál

Tilkynnt var að Karen Jenný sem verið hefur formaður þetta starfsár er að flytja til útlanda á næstu vikum og því hætt sem formaður. Anna María varaformaður tekur við sem formaður og Gunnar Þór varamaður kemur inn í stjórnina.

Sólveig og Særún kynntu hvaða verkefnum stjórnin hefur verið að sinna undanfarið og hvað sé framundan í starfi foreldrafélagsins.

Helstu verkefni frá síðasta fulltrúaráðsfundi:

- Kynning á vinnu matsteymis skólans
- Stefnumótun á hvernig á að nota það fjármagn sem aflast með árgjöldum
- Starfsreglur nefnda
- Eyðublað fyrir skýrslu viðburðanefnda

- Fundur með Sigrúnu skólastjóra
Upplýsingar varðandi þessi mál má lesa í fundargerðum á heimasíðu foreldrafélagsins.

Verkefni framundan hjá foreldrafélaginu:

- Páskabingó
- Árshátíð nemenda
- Vorhátíð
- Aðalfundur í maí

Bekkjarfulltrúar:

- Velja að vori eða sem fyrst að hausti
- Stjórn hvetur til þess að a.m.k. annar bekkjarfulltrúinn í hverjum bekk haldi áfram annað starfsár
- Bekkjarfulltrúar sitja þar til búið er að velja nýjan
- Stjórn hvetur bekkjarfulltrúa til að gefa kost á sér til stjórnarkjörs á aðalfundi

Nokkur umræða varð um val á bekkjarfulltrúum. Á að velja þá að vori eða hausti? Stjórn hvatti til þess sl. vor að þeir yrðu valdir að vori en það gekk mjög illa. Námsefniskynningar eru ekki fyrr en í lok september þannig að foreldrafélagið getur ekki farið að starfa fyrr en eftir það. Ábending kom um að hver bekkjarfulltrúi sæi um kynningu á þessu verkefni meðal foreldara bekkjarins og veldi eftirmann sinn. Lögð áhersla á að bekkjarfulltrúi situr áfram þar til nýr hefur verið valinn.

Mikil endurnýjun varð meðal bekkjarfulltrúa sl. haust þannig að stjórn hvetur a.m.k. annan bekkjarfulltrúann til að halda áfram þannig að reynslan flytjist áfram.

Ábending kom um að leggja niður námsefniskynningar á núverandi formi en meira verði lagt upp úr kynningu á markmiðum og stefnu í náminu. Sú kynning getur orðið í upphafi skólaárs.

Á fundinn mættu 18 bekkjarfulltrúar ásamt skólaráðsfulltrúa og stjórn.

Fundi slitið kl 22:20